



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

1. fundur 2010 (10. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 22.01.2010 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Sigurður Valur Ásbjarnarson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

Áheyrnarfulltrúi (mál 2, 3 og 4):

Georg Friðriksson

Varnarmálastofnun

1. Erindi Varnarmálastofnunar Íslands um þátttöku í starfi skipulagsnefndar Keflavíkur flugvallar

Lagt var fram erindi Varnarmálastofnunar, dags. 30.11.2009, þar sem þess er óskað að fulltrúa Varnarmálastofnunar verði heimilað að sitja fundi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar með málfrelsi og tillögurétti. Jafnframt er þess óskað að skipulagsnefndin fari þess á leit við samgönguráðuneytið að fulltrúi frá Varnarmálastofnun verði skipaður í nefndina.

Skiplagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir fyrir sitt leyti að fulltrúi frá Varnarmálastofnun sitji fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, en nefndin mun leita eftir staðfestingu samgönguráðuneytisins á ákvörðuninni. Skipulagsnefndin mun enn fremur kynna ráðuneytinu ósk Varnarmálastofnunar um varanlega setu í nefndinni sem þýðir væntanlega breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl.

2. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar kynnti stöðu mála við gerð svæðisskipulags Suðurnesja. Unnið er að skilgreiningu leiðarljóss, markmiða og áherslna í hinum ýmsu málaflokkum. Á næsta fundi samvinnunefndar um svæðisskipulagið verða málefni Keflavíkurflugvallar tekin fyrir. Formanni og skipulagsfulltrúa var falið að koma á framfæri leiðréttingum á texta í drögum að greinargerð til samvinnunefndarinnar um svæðisskipulagið.

3. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, breyting á skipulagsmörkum gagnvart Reykjanesbæ



Með bréfi skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, dags. 18.12.2009, var óskað heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar varðandi breytt mörk skipulagssvæða gagnvart Reykjanesbæ. Með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 07.01.2010, var heimildin veitt að uppfylltum nokkrum skilyrðum.

Í fyrsta lagi óskar Skipulagsstofnun eftir að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar, Varnarmálastofnun og Reykjanesbær skýri nánar stöðu svæða sem merkt eru I, II og III í auglýsingu forsætisráðuneytisins nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins skuli tekinn undir borgaraleg not.

Staða svæða I og II verður óbreytt eftir skipulagsbreytinguna en fundur verður um svæði III, Patterson-svæðið, í næstu viku og er í umræðunni að færa það yfir til Reykjanesbæjar.

Í öðru lagi telur Skipulagsstofnun að taka þurfi afstöðu til kröfu Varnarmálastofnunar um að setja takmarkanir á hæð mannvirkja í 8 km radíusi frá ratsjárstöðinni H1.

Skipulagsnefndin telur að krafa þessi sé á misskilningi byggð enda er ekki verið að breyta eða fjalla um skipulag við ratsjárstöðina H1 við breytingar þær á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar sem hér um ræðir.

Í þriðja lagi telur Skipulagsstofnun að skýra þurfi nánar hvaða forsendur liggi að baki reiknuðu hljóðstigi og hvaða takmarkanir á landnotkun hávaðamörkin muni hafa í för með sér.

Hið reiknaða hljóðstig kemur fram í skýrslu Línuhönnunar, dags. 1. september 2008, Hljóðspor við Keflavíkurflugvöll. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur óskað eftir túlkun Umhverfisstofnunar á því hvaða takmarkanir á landnotkun hávaðamörkin muni hafa fyrir hin ýmsu tilvik sem upp geta komið. Má þar nefna sem dæmi nýja byggð við gamlan flugvöll, gamla byggð við nýjar flugbrautir o.s.v.fr.v. Umhverfisstofnun hefur ekki svarað erindinu.

Í fjórða lagi bendir Skipulagsstofnun á að veitukerfi eru sett undir kortaskýringar en eru réttilega skipulagsákvarðanir eins og vegir.

Skipulagsfulltrúi og höfundur skipulagsins munu funda með Skipulagsstofnun um athugasemdir stofnunarinnar.

Í samræmi við 1. og 2. m.gr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gr. 3.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 hefur verið óskað umsagnar hjá lögbundnum hagsmunaaðilum um skipulagstillöguna. Svör hafa borist frá 4 aðilum og eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við skipulagstillöguna.

4. Verklagsreglur um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Áfram var fjallað um drög að verklagsreglum um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar. Lögð var fram ný tillaga formanns nefndarinnar með nokkrum breytingum frá fyrri tillögu.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skiplagsnefndin samþykkti tillöguna fyrir sitt leyti og sendir hana til Keflavíkurlflugvallar ohf með ósk um umfjöllun.

5. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurlflugvallar verður væntanlega 19. febrúar 2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið.